

GJALDSKRÁ **fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi**

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 54.100,-
Frístundahús	kr. 26.850,-
Stærri býli	kr. 102.480,-
Minni býli	kr. 34.875,-
Fyrirtæki A	kr. 54.100,-
Fyrirtæki B	kr. 102.480,-
Fyrirtæki C	kr. 219.900,-

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 794 pr. stk.
Hross	kr. 398 pr. stk.
Sauðfé	kr. 146 pr. stk.
Hænur	kr. 26,8 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri - 601 Akureyri

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1618/2021.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. janúar 2023.

Samþykkt á 103. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 29. nóvember 2022.

Þórunn Sif Harðardóttir, Sveitarstjóri

Þórunn Sif Harðardóttir



GJALDSKRÁ
vegna leigu geymslustæða fyrir gáma 2023

Svalbarðsstrandarhreppur leigir út geymslustæði fyrir gáma á gámasvæði Svalbarðsstrandarhrepps á Svalbarðseyri. Möguleiki er á aðgangi að rafmagni. Gjöld fyrir leigu á gámastæði og aðgangi að rafmagni eru eftirfarandi:

Leiga á gámastæði 60.000 kr. á ári
Gjald fyrir rafmagnstengingu og mælaleigu 30.000 kr. á ári

Orkunotkun er innheimt eftir mæli skv. gjaldskrá Fallorku ehf. og flutningsaðila rafmagns.

Samþykkt á 103. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 29. nóvember 2022.

Dóru Sif Jæðæ

